

M-106/2012 Álit 4. apríl 2013

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-106/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á hljóðfæri, sem hann keypti í Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi fer fram á annaðhvort nýja afhendingu eða riftun.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. desember sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 21. desember. Engin andsvör bárust frá seljanda en hins vegar bárust andsvör hinn 12. desember frá öðrum aðila, Z, hér eftir einnig nefndur gagnaðili, sem nú rekur hljóðfæraverslun á sama stað, undir sama heiti. Með bréfi, dags. 19. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 27. desember. Með bréfi, dags. 10. janúar, var gagnaðila gefinn kostur á að veita frekari andsvör frest til þess til 24. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt álitsbeiðni og upplýsingum sem henni fylgdu, mun álitsbeiðandi hafa keypt Roland Digital Grand rafmagnsflygil af seljanda hinn 1. september 2009 fyrir kr. 1.100.000. Fljótlega eftir kaupin mun álitsbeiðandi hafa orðið var við að fótstig hljóðfærisins virkaði ekki á sumar nóturnar og tónarnir voru ekki í lagi. Var álitsbeiðandi í samskiptum við seljanda vegna þessa en í raun hafi ekkert verið gert í málinu fyrr en í maí 2011, en þá hafi komið menn til að skoða hljóðfærið og gera tilraunir til að lagfæra það. Þegar það virkaði ekki var haft samband við birgja í Danmörku. Þeir sendu nýtt móðurborð í hljóðfærið og var í kjölfarið skipt um móðurborð þess, en sú viðgerð mun ekki hafa skilað árangri. Hinn 27. apríl 2012 mun hljóðfærið hafa farið í viðgerð á verkstæði skv. tilvísun seljanda. Þar var skipt um móðurborð á nýjan leik, en án árangurs. Seljandi sendi þá myndir og hljóð af hljóðfærinu til birgjans í Danmörku og viðurkenndi sá aðili að hljóðfærið væri ekki eins og það ætti að vera, en féllst þó ekki á að það væri gallað. Álitsbeiðandi segir að staðan sé nú með þeim hætti að seljandi vilji ekkert annað fyrir sig gera nema selja sér nýtt samskonar hljóðfæri með afslætti. Álitsbeiðandi telur hins vegar hljóðfærið gallað og að seljanda sé skylt að bæta úr þeim galla með nýrri afhendingu, þar sem fullreynt sé að gera við flygilinn, ella sé álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur fram að félagið hafi tekið við rekstri hljóðfæraverslunarinnar Y af seljanda í desember 2011. Aðkoma gagnaðila að málinu sé því takmörkuð við stöðu félagsins sem núverandi umboðsmanns fyrir Roland á Íslandi. Kemur fram að gagnaðili hafi þegar kostað verulega til vegna hljóðfæris álitsbeiðanda umfram skyldu

sína og að hljóðfærið sé ekki og hafi aldrei verið bilað heldur sé það ekki búið þeim stillingum sem álitsbeiðandi taldi við kaupin að það hefði. Þá kemur fram að gagnaðili hafi boðist til að aðstoða álitsbeiðanda við sölu á hljóðfærinu, auk afsláttar af nýjum samskonar hljóðfæri. Að lokum bendir gagnaðili á að vilji álitsbeiðandi aðhafast frekar í málinu geti hann haft samband við það fyrirtæki er seldi honum hljóðfærið.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila

Álitsbeiðandi bendir á það í athugasemdum sínum að gagnaðili hafi tekið við umboði fyrir Roland frá seljanda ásamt verslunarrekstri og að sá verslunarrekstur sé enn undir sama nafni þó eigendaskipti hafi orðið á honum. Þá mótmælir álitsbeiðandi fullyrðingum gagnaðila um að hljóðfærið sé ekki bilað og hafi aldrei verið það og bendir m.a. að undarlegt væri að gerðar hafi verið ítrekaðar tilraunir til að gera við hljóðfærið, væri það ekki bilað.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur að áliti kærunevndarinnar undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt reikningi, dags. 1. september 2009, keypti álitsbeiðandi rafmagnsflygil af seljanda fyrir kr. 1.100.000. Var hljóðfærið af gerðinni RG-3-PE Roland Digital Grand. Samkvæmt gögnum málsins munu þeir tónar sem hljóðfærið gefur frá sér við ákveðna notkun, vera rangir eða styttri m.v. réttan hljóm í píanóum, flyglum og öðrum samskonar hljóðfærum, hvort heldur rafmögnum eða ekki. Virðist þetta óumdeilt í málinu þó hvorki seljandi né framleiðandi virðist líta á þetta sem galla með þeim rökum að öll samskonar hljóðfæri sömu tegundar gefi frá sér rangan hljóm við vissa notkun. Munu hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að lagfæra þennan ranga eða falska hljóm, m.a. með endurforritun og með útskiptum á móðurborði flygilsins, en án árangurs. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 segir í a- og b-lið að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og hafa þá eiginleika sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir síðan að sé söluhlutur ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar séu í 15. gr. laganna, teljist hann gallaður. Að mati kærunevndarinnar er í gögnum máls að finna nægar sannanir fyrir því að umrætt hljóðfæri sé haldið galla í skilningi tilvitnaðra lagaákvæða og að seljandi beri ábyrgð á þeim galla enda ekkert leitt í ljós að hann stafi af rangri notkun álitsbeiðanda á hljóðfærinu. Verður að telja að sá galli á hljóðfærinu teljist verulegur í skilningi laga.

Þegar um galla er að ræða eins og í þessu tilviki á kaupandi kost á úrræðum vegna þeirra og er þeim lýst í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Álitsbeiðandi hefur gert kröfur um nýja afhendingu skv. 30. gr. Skv. 2. mgr. 30. gr. á seljandi ekki rétt á að bæta úr sama galla oftast en tvisvar sinnum, en skv. gögnum máls hafa verið gerðar a.m.k. þrjár viðgerðartilraunir og er því krafa álitsbeiðanda um nýja afhendingu réttmæt. Þá hefur álitsbeiðandi krafist riftunar skv. 32. gr. Riftunarkröfu getur álitsbeiðandi hins vegar ekki gert, skv. 3. mgr. 29. gr., ef seljandi býður úrbætur eða nýja afhendingu án tafar og í samræmi við lög. Það hefur seljandi að því er virðist ekki gert og nær því riftunarkrafa álitsbeiðanda fram að ganga í skilningi laga nr. 48/2003.

Í máli þessu virðist álitsbeiðandi ekki gera greinarmun á þeim aðila sem rak Hljóðfæraverslunina Y þegar álitsbeiðandi keypti umþrættan flygil í versluninni og þess aðila sem nú rekur sömu verslun og verður því að telja að hann beini kröfum sínum að báðum aðilum. Samkvæmt upplýsingum sem kærunevndin hefur aflað sér mun nefndur gagnaðili í máli þessu hafa keypt vissar eignir úr búi seljanda, þ.m.t. verslun og vörulager en þó ekki

yfirtekið skyldur félagsins, m.a. þær sem kunna að hafa hvílt á því vegna gallaðra söluhluta. Af þessu leiðir að ekki er hægt að líta svo á að gagnaðili sé seljandi umrædds flygils í skilningi laga nr. 48/2003 og því verður kröfum vegna kaupa álitsbeiðanda ekki beint að því fyrirtæki á grundvelli þeirra laga.

Sá aðili sem í máli þessu er nefndur seljandi og álitsbeiðandi keypti umrætt hljóðfæri af, var úrskurðaður gjaldþrota hinn 23. maí 2012 og munu allir frestir til að lýsa kröfum í búið vera liðnir, en skiptum á búiinu mun þó ekki vera lokið.

Kærunefndin álitur að valdsvið hennar sé markað í lögum nr. 87/2006 með þeim hætti að það nái ekki til þess að gefa álit á því hvort að krafa álitsbeiðanda um riftun eða nýja afhendingu næði fram að ganga gagnvart þrotabúi seljanda, en til þess að gera það þyrfti kærunefndin m.a. að byggja niðurstöðu sína á ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en álitsgerð af slíku tagi er að mati nefndarinnar utan valdsviðs hennar. Verður því niðurstaða kærunefndarinnar að vera afmörkuð eingöngu við rétt álitsbeiðanda til að gera kröfur á hendur seljanda samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

VII Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, á rétt til þess samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/2003 að rifta kaupum á rafmagnsflygli þeim er hann keypti af Y, hinn 1. september 2009, eða krefjast afhendingar á nýjum ógölluðum flygli af samskonar gerð.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir